96	344	Nail	Iron	1	
97	345	Nail	Iron	1	
98	344		Glass	1	
99	344		Ceramic	2	
100	370	Nail	Iron	2	
101	370		Iron	1	
102	370		Metal	5	
103	368		Iron	1	
104	368	Nail	Iron	1	
105	371		Glass	1	
106	371		Iron	1	
107	368	Nail	Iron	1	
108	368	Nail	Iron	1	
109	368		Iron	2	Two frags of same obj
110	371		Ceramic	0	
111	1	Nail	Iron	1	
112	371		Iron	1	
113	379		Ceramic	1	Small fragment of white glazed pt
114	379		Ceramic	1	
115	379	Nail	Iron	1	
116	379		Glass	1	
117	379		Ceramic	5	
118	379	Nail	Iron	2	
119	388	Nail	Iron	1	
120	393	Nail	Iron	1	
121	391	Rivet/Rove	Iron	2	

Find	Unit	Object	Material	Count	Notes
122	395		Copper alloy	1	U-shaped obj. Frag clasp?
123	388		Iron	1	
124	388	Nail	Iron	1	
125	401		Iron	2	Clasp?
126	401	Nail	Iron	1	
127	401		Iron	2	Loop frag
128	401	Nail	Iron	1	
129	413	Nail	Iron	1	
130	416	Nail	Iron	1	
131	416	Nail	Iron	1	
132	416	Nail	Iron	1	
133	416	Nail	Iron	1	
134	379	Nail	Iron	1	wood around the nail
135	379	Tobacco Pipe	Ceramic	1	
136	406	Nail	Iron	1	
137	406	Nail	Iron	1	
139	406	Nail	Iron	1	
140	420		Iron	1	Handle?
141	0		Iron	1	Unstratified EOE
142	0	Nail	Iron	1	Unstratified EOE
143	0		Iron	1	Unstratified EOE
144	0	Rivet/Rove	Iron	1	Unstratified EOE
145	0	Tobacco Pipe	Ceramic	1	Unstratified EOE
146	0	Nail	Iron	1	Unstratified EOE
147	0	Nail	Iron	0	Unstratified EOE
148	0	Nail	Iron	1	Unstratified EOE
149	0		Iron	1	Unstratified EOE
150	0		Iron	1	Teinn. Unstratified EOE
151	0	Hook	Iron	1	Unstratified EOE
152	0	Nail	Iron	1	Unstratified EOE
153	0	Nail	Iron	1	Unstratified EOE
154	0		Copper alloy	1	Plate. Unstratified EOE
155	304		Iron	1	Iron obj.
156	384	Nail	Iron	1	
157	401	Nail	Iron	1	
158	403		Iron	1	club shaped iron obj. flat
159	384	Nail	Iron	1	
160	381		Iron	1	Subrectang plate were the edges have been folded
161	379		Iron	5	Unidentified frag

Find	Unit	Object	Material	Count	Notes
162	376	Rivet/Rove	Iron	1	Corroded rove?
163	376	Nail	Iron	1	
164	401		Iron	1	Unidentified frag
165	1	Blade	Iron	1	Frag of tang and knifeblade
166	1	Nail	Iron	1	Head of nail. Circular.
167	304		Iron	1	Pin with rectangular section
168	304	Nail	Iron	1	Nail broken in 2 parts
169	1	Rivet/Rove	Iron	3	Unidentified frag
170	1		Iron	4	
171	1	Hook	Iron	1	
172	1		Copper alloy	2	plate which has been cut
173	1	Rivet/Rove	Copper alloy	1	
174	379	Nail	Iron	1	
175	379		Iron	1	Unidentified frag
176	1	Nail	Iron	20	Nails various forms, horseshoe and long. Sq sect
177	1		Iron	3	3 subrect. plates, with nails
178	304		Iron	1	Pin, rectang. section, bent.
179	1	Rivet/Rove	Iron	2	Possibly rivets
180	1	Nail	Iron	1	
181	381		Iron	4	4 small unidentified frag
182	341	Nail	Iron	2	whole nail + head. Sq section
183	341		Iron	1	Broken mount. ?strap slider
184	341	Knife	Iron	1	whole blade, tang broken. 18-19th C?
185	367	Nail	Iron	1	Bent nail rectangular in section
186	384		Metal	1	Decorated "milla" Costume fastener hook
187	1	Nail	Copper alloy	1	
188	1		Copper alloy	1	Loop from clothing fastener
189	301		Copper alloy	1	small circular thick plate, nail head?
190	372		Copper alloy	1	Plate. Nail hole? rivet?
191	378		Copper alloy	1	half of small pipe?
192	378		Copper alloy	1	Barrel stave fastening
193	421		Copper alloy	1	Small flat frag. leaf shaped
194	1	Coin	Copper alloy	1	Icelandic 25 eyringur 1961
195	1		Copper alloy	1	Bronze plate with nail in
196	1	Pendant	Copper alloy	1	Possibly from riding gear
197	1		Stone	1	Pumice stone. import
198	1		Glass	7	Window glass
199	1		Glass	13	Green, light green and transp. bottle and vessel

Find	Unit	Object	Material	Count	Notes
200	1	Tobacco Pipe	Ceramic	2	
201	1		Obsidian	1	
202	1		Ceramic	36	White glazed, decor, some w/repair holes
203	1		Ceramic	13	Redware and possibly stoneware
204	1		Glass	1	Melted glass? white
205	1		Stone	1	Some kind of obsidian "biksteinn"?
206	1	Pottery	Ceramic	1	Fragment of possible red ceramic
207	1	Unworked Stone	Stone	1	Waterworn green pebble
208	0	Nail	Iron	1	Well preserved fe nail, flat head, flat section
209	1	Whetstone	Schist	1	Half, possible import. Worn
210	1	Vessel	Glass	1	Frag green glass
211	1	Window Pane	Glass	2	Modern glass
212	1	Vessel	Ceramic	9	Modern white glazed mixed
213	301	Vessel	Glass	1	Kickbottomed wine bottle frag 19 - 20C? Green
214	338	Vessel	Ceramic	1	Wall sherd stoneware?
215	301	Unworked Stone	Stone	1	Jasper chip
216	304	Vessel	Glass	2	Green wine bottle frags, incl neck
217	301	Vessel	Glass	9	Green wine bottle frags, incl top and neck
218	376	Tobacco Pipe	Ceramic	1	Stem frag
219	344	Tobacco Pipe	Ceramic	1	Narrow stem frag
220	341	Tobacco Pipe	Ceramic	1	Frag of bowl?
221	338	Vessel	Ceramic	1	Chip glazed fabric, pale pink?
222	379		Leather	1	Small frag, pliable
223	379	Window Pane	Glass	1	Modern glass
224	379	Window Pane	Glass	1	Modern glass
225	414	Vessel	Ceramic	1	Neck frag stoneware?
226	401	Vessel	Ceramic	1	White glazed, red fabric
227	401	Vessel	Glass	1	Basal green glass wine bottle frag
228	406	Vessel	Ceramic	3	White glazed ? Teacup
229	412	Metalworking Waste	Slag	1	Heavy and dense
230	338	Vessel	Glass	1	Green
231	338	Vessel	Glass	2	Clear, prob modern
232	1	Whetstone	Schist	1	Split end frag, prob part of 209
233	1	Unworked	Bone	5	(233) Including tooth
234	301	Unworked	Bone	3	(234) Tooth and two burned bones
235	304	Unworked	Bone	9	(235) Tooth and 8 burned bones
236	338	Unworked	Bone	3	(236) Teeth + burned bone
237	341	Unworked	Bone	1	(237) Teeth enamel

Find	Unit	Object	Material	Count	Notes
238	368	Unworked	Bone	42	(238) 10 unburned. 32 burned small fragm.
239	369	Unworked	Bone	2	(239) Two teeth
240	393	Unworked	Bone	1	(240) Coarse piece of bone.
241	304		Iron	2	Pin w/ circular section and wood remains. Obj.awl?

Appendix 3 – Environmental Sample Register

Sample No	Context No	Type	Method	Process	Vol	Count	Notes
100	333	Bulk	Macro	Floataction	3	1	Charcoal
101	369	Bulk	Macro	Floataction	1	1	Charcoal
102	368	Bulk	Macro	Floataction	2	1	Charcoal/peat ash
103	369	Bulk	Macro	Floataction	6	2	Charcoal
104	372	Bulk	Macro	Floataction	20	5	Charcoal
105	383	Bulk	Macro	Floataction	1	1	Charcoal




Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson:

Þingey

Einn merkasti en jafnframt minnst þekkti og óaðgengilegasti sögustaður á landinu er án efa minjar vorþingstaðarins í Þingey. Eyjan er í miðju Skjálfandafljóti, norðan Goðafoss, og skammt norður af bænum Fljótsbakka sem stendur austan ár. Norðan hennar er önnur eyja, Skuldaþingsey. Gegnt er út í Skuldaþingsey yfir stíflu á kvísl úr

ánni, en milli eyjanna er ófært og rennur fljótið í djúpum kvíslum austan og vestan Þingeyjar.

Í þessari skýrslu verður fjallað um heimildir um þinghald, fyrirliggjandi lýsingar á minjum í eygni og sagt frá árangri vettvangsathugana 2004.



Mynd 1. Kort af Þingey í Skjálfandafljóti

örnefnum og/eða sýnilegum minjum, og jafnvel má álykta af ofangreindri lýsingu að það hafi verið nærri miðri eygni. Lýsingar á hvar í eyjunni þingið var koma ekki fram fyrr en á síðustu öldum, þegar áhugi vaknar á fornöldinni og minjum um hana.

Ekki er kunnugt um athuganir á minjum í eygni fyrr en á 18. öld. Árni Magnússon skrifaði stutta lýsingu á Þingey í Skjálfandafljóti á fyrri hluta 18. aldar, getur þar örnefnisins "Þinghóll" og segir jafnframt að þar séu engar þingbúða- eða

⁴ Íslenzk fornrit X, 236, 239, 240.

⁵ Hin forna lögbók Íslendinga sem nefnist Járnsíða eðr Hákonarbók (Kaupmannahöfn 1847). Jónsbók og réttarbætur, Ólafur Halldórsson gaf út (Kaupmannahöfn 1904), 6.3.

⁶ P.E.K. Kálund, *Bidrag til Historisk-Topografisk beskrivelse af Island*, II, 155.

⁷ Íslenzkt fornbréfasafn II, bls. 431, sjá einnig III 573, 574.

lögréttuminjar.⁸ Er þessi fullyrðing Árna athyglisverð, ekki síst í ljósi þess sem aðrir fræðimenn héldu fram síðar, því fornfræðingar á 19. öld, fundu þar fornleifar sem þeir töldu m.a. vera þingbúðir frá söguöld.⁹ Árni hafði sérstakan áhuga á að afla upplýsinga um hina gleymdu, fornu þingstaði og minjar á þeim, en hafði ekki ávallt tök á að fara sjálfur að skoða þá. Taka ber lýsingu hans með fyrirvara, því hafi verið jafn illgreiðfært út í Þingey á hans tímum og nú er, gæti eins verið að vitneskja um minjar í eyinni meðal staðkunnugra heimildamanna hafi einfaldlega verið takmörkuð. Að minnsta kosti stangast hún algerlega á við síðari lýsingar þar sem nefndur er Þinghóll og minjar þar í kring, nema menn á 18. öld hafi þekkt þessar tóftir og ekki talið þær til þingminja. Ummæli Árna eru jafnframt áminning um að fara gætilega í að bendla sýninlegar minjar á sögustað eða í nágrenni hans við sögu staðarins í fornöld. Þingey er stór, um 5.3 km löng og 1.2 km breið þar sem hún er breiðust. Þingið gæti hafa verið haldið hvar sem er, en á seinni öldum hafa þeir sem á annað borð hafa greint frá staðsetningu þess bent á sama stað, þ.e. við austurbakka hennar, dálítið norðan við miðja eyju, og á móts við Glúmsstaðasel. Þar er hóll, nefndur “Þinghóll” og rústir og garðlög í kring.

Í sóknarlýsingu Sigurðar Grímssonar frá 1839 er eyjunni og minjunum lýst svo:

“... liggur ey í Fljótinu sem kölluð er Skuldaþingsey og er mælt að í forntíð hafi þar verið skuldakröfubing haldin. Vestast við þessa ey liggur kvísl af Fljótinu, og er í henni yst hár og breiður foss sem fellur fram af bjargi ofan í svokallaðan Skipapoll. Foss þessi er nefndur Ullarfoss. Dregur hann það nafn af hvítfyssi, og mökkur sem upp af honum leggur. Vestan við þessa kvísl er Þingey sem liggur hálf undir Helgastaði. Fyrir vestan hana er önnur kvísl af Fljótinu og í henni stór foss sem heitir Barnafellsfoss. Ey þessi er láglend með mörgum lágum, eins og fornum farvegum. Undir henni allri er hraungrjót og víða standa klettur upp úr henni. Þar er einir, fjalldrapi og lyng af viðartegundum, en finnugur og melur af grasi. Á ey þessari er mælt að haldið hafi verið þing í forntíð og sjást þar merki til þingstaðar, búðatotta og dómhings. Hálf þessa ey eiga Grenjaðarstaðir, Einarstaðir og Fljótsbakki og er hún brúkuð fyrir afrétt á sumrum en til beitar á vetrum þá Fljótið leggur.”¹⁰

Árið 1867 gerði Arngrímur Gíslason málari mynd af Þingey og nágrenni, að ósk Sigurðar Guðmundssonar málara. Á henni sjást m.a. tóftaleifar¹¹. Kálund

⁸ Árni Magnússon: *Chorographica Islandica*. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta. Annar flokkur, I,2. (Reykjavík 1955), 96.

⁹ P. E. Kristian Kálund: *Bidrag II*, 155. Daniel Bruun: *Fortidsminder og nutidshjem paa Island: Orienterende Undersøgelser foretagne i 1896. Nordboernes Kulturliv i Fortid og Nutid*. I. Island. 1897, Kh, Det Nordiske Forlag, 1897, 220-223. Brynjúlfur Jónsson: “Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905.” *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1906 (1907), 3-6.

¹⁰ Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844. Reykjavík 1994. Ritstj.: Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir, bls. 114.

¹¹ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, Reykjavík: Iðunn, 1983.

sögustaðafræðingur fór um landið á árunum 1872-74 og skráir fyrstur lýsingar á minjunum í Þingey og ástandi þeirra. Hann nefnir örnefni Þinglág og Þingvelli norðaustanmegin á eyinni:

“Tingstedet hører imidlertid ikke til de bedst bevarede, idet anlæggelsen af en – nu igen opgivet – gård her naturlig har måttet medføre en ikke ringe forstyrrelse. Selve gården synes således at have været bygget oven på en ældre tomt. Foruden uklare spor af flere tomter ses dog endnu rester af 5-6 bodtomter – med retning fra nord til syd -, der alle udmærke sig ved deres påfaldende længde, og endog til dels synes at have udgjort hele bodrækker.”

Kålund nefnir einnig að utan um búðasvæðið séu tvö, bogadregin garðlög sem liggja frá árbakkanum, en erfitt sé að átta sig á aldri þeirra.¹²

Daniel Bruun höfuðsmaður og fornleifakönnuður gerði uppdrátt af staðnum 1896. Hann lýsir Þingvöllum sem flötum og breiðum tanga, og bakkarnir allbrattir að austurkvísl fljótsins. Efst á tanganum er um 30 feta hár, afgangur og einstakur hóll, Þinghóll. Á uppdrættinum sýnir Bruun garðlögin tvö sem Kålund nefnir og taldi sig sjá um 13 tóftir:

“Liggja tveir torfgarðar í sveig upp frá fljótinu, og liggja báðir endar þeirra fram á fljótsbakkann. Allar búðatóttir á staðnum svo og áðurnefndur hóll liggja innan ytri garðsins, en flestar búðirnar eru þó innan innri garðsins en hóllinn ekki.

Á nokkrum stöðum eru leifar yngri húsa, eru þær af bæ eða ef til vill aðeins fjárhúsum, sem þar hafa verið reist (1-5, 8, og 10 á teikningunni [þ.e. uppdrætti Bruuns]). Tóttir þessara húsa eru á lágum hávöðum, þar sem útlit er fyrir að búðir hafi áður verið, og getur verið að efni úr þeim hafi verið nýtt í húsveggina.

Búðirnar sjálfar (6,7,9,11,12 og 13) liggja í smáþyrpingum á víð og dreif, oft nokkrar sambyggðar í framhaldi hver af annarri. Lengdarstefnan er aðallega norður-suður. Stærsta búðalengjan er rösklega 70 fet, en annars eru þær 15-30 feta langar. Breiddin er yfirleitt um 15 fet (allt utanmál). Búðirnar eru nú mjög sokknar í jörð, en veggirnir sjást þó allgreinilega. Þegar ég kom þarna fyrst 1896 gróf ég dálítið í eina búð. Þar kom í ljós, að veggirnir voru hlaðnir úr torfi og grjóti. Það mun óhætt að fullyrða, að tjaldað hafi verið yfir þær með vaðmáli, meðan dvalist var í þeim.



- a. Vestast eru 4-5 sambyggðar búðir í beinni röð (11), hin syðsta þeirra mjög lítil.
- b. Þar fyrir austan liggja í röð frá norðri til suðurs, fyrst búðartótt, því næst hústótt í gömlu búðarstæði, síðan tvær sambyggðar búðir (12), er önnur þeirra kölluð “stóra búð”, og loks enn ein búð (13).
- c. Enn austar í línu norður-suður er lítil ógreinileg búð og önnur stærri.
- d. Loks liggja nokkrar tóttir suðaustan við þessar nefndu, og virðast þær allar vera í gömlum búðarstæðum.

Það er þannig ljóst, að þingstaðnum hefur verið raskað með nýbyggingum. Ef til vill hefur tún verið ræktað hér, og gætu garðarnir verið í sambandi við það. Þó gegnir það nokkurri furðu að garðarnir skuli vera tveir, hvor utan um annan og miklu breiðari en


¹² Kålund, *Bidrag* II, 155-156.

venjulegir vallargarðar eða allt að 16 fet. Engar búðir liggja að ytri garðinum, en að innri garðinum liggur búðaröðin nr. 11, þannig að garðurinn er vesturveggur þeirra. Ef vér gerum ráð fyrir, að garðarnir séu jafngamlir búðunum, er torvelt að finna viðhlítandi skýringu á til hvers þeir hafa verið gerðir á þingstaðnum. Lega þingstaðarins á eyju, sem ætla má að hafi verið óbyggð á þjóðveldistímanum, bendir ótvírætt til að menn hafi viljað einangra hann. Ekki verður úr því skorið, hvort garðarnir kunni að hafa átt að þjóna einhverju slíku hlutverki.”¹³

¹³ Bruun, D., *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*. 2. útg. 1928 Kh.: Gyldendal. Ísl. þýð, Steindór Steindórsson: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. 1987, Reykjavík: Örn og Örlygur, 183-84.



I




II

Mynd 3-4. Efri mynd: Uppdráttur Daniel Bruun af Þingeyjarminjum. Neðri mynd: Búðir 12-13 (I) og 11 (II).

Brynjúlfur Jónsson fór á vegum Fornleifafélagsins út í Þingey 1905 og gerði einnig uppdrátt og góða lýsingu af minjunum (númer Bruuns höfð innan hornklofa):

“...Á því [nesinu] er þingstaðurinn, og sjást hans glöggar menjar. Hefir þó nokkuð af þeim eyðilagst við það, að bær var gjörður þar í byrjun 19. aldar. Hann stóð um 40 ár. eru þar auðþekktar tóftir þær, er bænum tilheyra. En sumstaðar sjer á forntóftir út undan þeim. Hefir þar verið bygt ofan á þingbúðartóftir. Það er merkilegt við þenna þingstað, að utan um hann er tvöföld girðing, hvortveggi mjög fornleg, og hafa þeir garðar verið afar miklir... Búðatóftir eru eigi allfáar: Vesturhlið innri girðingarinnar er mynduð af búðaröð [nr. 11], sem liggur frá norðri til suðurs. Það eru 5 búðir: hin syðsta nál. 8 fðm. löng, en hver hinna hér um bil helmingi styttri. Austur frá hinni löngu tóftinni er sérstök tóft [ekki á uppdr. DB], ferskeytt fremur lítil. Beint suður af búðaröðinni er einstök tóft [ekki á uppdr. DB] fyrir utan (innri) girðinguna og er norðurendinn áfastur við hana og nokkuð óglöggur, svo ekki er hægt að ákveða lengd búðarinnar. En einna stærst er hún af búðunum. Nokkrum föðmum austur frá búðaröðinni er nýleg tóft allmikil [nr. 10]. Hún hefir tilheyrt bænum og verið annaðhvort fjárrétt eða heystæði. Hún liggur frá norðri til suðurs. Fyrir búðatóftum vottar við báða enda hennar, og er líkur til, að hún hafi verið sett ofan á búðaröð. Framhald af þeirri röð til norðurs heldur svo áfram fyrir utan innri girðinguna norður að hinni ytri. eru þar fyrir víst 4 tóftir [nr. 12-13], og allar stórar: 6-8 fðm. á lengd, nema hin syðsta, sem næst er innri girðingunni: hún er um 4 fðm. Á stærð við hana er sjerstök tóft [ekki á uppdr. DB], sem liggur einstök fyrir austan þessa búðaröð hér um bil miðja. Mitt á milli nýju tóftarinnar, sem nýlega var getið, og Þinghóls er stök tóft [nr. 8] langt frá öllum öðrum; hún er einna óglöggust og eigi stór. Út lítur fyrir, að búðartóft sé áföst innri girðingunni sunnan undir Þinghól, þó er það óglögt, enda tekur þar við nýleg tóft [nr. 1] sem bænum hefir tilheyrt, hvað sem þar kann að hafa verið áður. Norðaustur frá hólnum er enn búðaröð [nr. 3], sem liggur frá kvíslarbakkanum til norðvesturs. Hún er fremur óglögg og niðursokkin. Virðast þar hafa verið 4 búðir og eigi alllitlar. Bæjartóftin [nr. 5] er suður frá Þinghól á kvíslarbakkanum, og sér einnig á búðatóftir út undan henni á tvo vegu. Norðvestur frá bæjartóftinni og eigi langt frá henni er enn nýleg tóft [nr. 4]. Eigi verður séð, að hún sé sett ofan á fornvirki. Yfir um þvera suðausturhlið hólsins sér fyrir nýlegum garði: mun það hafa átt að verða túngarður, en raunar hefir túnið aldrei orðið grætt, og túngarðurinn eigi haldið áfram. Skamt frá suðurenda garðspottans hefir verið byrjað á að byggja ofurlítinn kálgarð eða eitthvað þess konar, en virðist eigi heldur hafa orðið fullgert. Á norðvesturhlið hólsins vottar fyrir fornlegum hring [ekki á uppdr. DB]; hallar honum ofan af hólnum og er hann að neðanverðu orðinn að stórþýfi. - Utan við ytri girðinguna suðvestanmegin er lítil hól, lágur og flatur með sléttu hraunmalar yfirborði. Kringum hann er hringgarður [ekki á uppdr. DB], 38 fðm. um kring, og er hann dálítið frálaus hólnum norðanmegin. Það er eina mannvirkið sem eg gat séð utan girðinga.”¹⁴

¹⁴ Brynjúlfur Jónsson: “Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905.” *Árbók* 1906, bls. 3-6.




Mynd 5. Uppdráttur Brynjúlfs Jónssonar 1905.

Lýsingar Bruuns og Brynjúlfs eru þær ítarlegustu sem birtar hafa verið. Í lýsingu Jóns Sigurðssonar frá Ystafelli sem er frá árinu 1950 segir svo: “Þingstaðurinn var á austanverðri eyjunni, út og yfir frá Glaumbæjarseli. Gamall farvegur og gróinn liggur þaðan norður að Skipapólli og heitir Þinglág. Þar heita, norðar frá þingstaðnum, Gálgaklettur, sinn hvorum megin farvegarins og svo mjótt á milli, að vel mátti leggja tré yfir. Suðursporður Skuldaþingseyjar er rétt norðan við þingstaðinn, og er Skuldaþingseyjarkvíslin á milli.” Jón segir einnig frá bænum sem reistur var í eyinni: “Bær var byggður á þingstaðnum 1844 og hét Þingey. Byggðin stóð 21 ár og fell niður 1865, og hefur sennilega aldrei verið byggð á Þingey áður, og aldrei síðan.

Fimm bændur bjuggu þarna hver eftir annan, og 9 ár sá, er lengst bjó, svo skamvinn var ábúð hinna. Engi er ekkert á Þingey, aðeins örsmáir finnugsbollar hér og þar, og tún hefur verið örlítið, en útbeitin er ágæt, og jarðsælt.”¹⁵ Í örnefnaskrá fyrir Þingey frá s.hl. 20 aldar er staðsetningu þingsins getið á sama hátt og í eldri lýsingum: “Þar [gegn Glaumbæjarseli] kemur eins og vik inn í Þingey, og norðan þess myndast þá nes. Á því nesi eru þingstaðarrústirnar. Þetta er nú nefnt Þingvellir.” Í skránni er tvöfalda garðlagið nefnt, og hóllinn Þinghóll: “Nokkuð er af fornum rústum þarna. En gömlu bæjarrústirnar hafa skemmt þær.”¹⁶ Örnefnið “Þingvellir” er sýnt á herforingjaráðskorti, þar sem bærinn Þingey og rústir þingsins eru. Ekki er kunnugt um aðrar lýsingar byggðar á athugunum fyrr en þá sem gerð var við nýja vettvangsrannsókn sumarið 2004 og greint verður frá hér á eftir.

Nýjar athuganir 2004



Mynd 6. Uppdráttur eftir mælingum í Þingey 2004.

Sumarið 2004 fć

lurskoða eldri

lýsingar, kanna ástand minjanna nú og loks gera samanburð á þeim við minjar sem við

¹⁵ Jón Sigurðsson frá Yztafelli: Suður-Þingeyjarsýsla. Ritsafn Þingeyinga II, Lýsing Þingeyjarsýslu I. Reykjavík 1954. Bls. 300-301.

¹⁶ Örnefnaskrá, Þingey, 2-3. Ópr. Örnefnastofnun Íslands.

höfum athugað á öðrum vorþingstöðum á síðustu árum í þeirri von að varpa megi nýju ljósi á þingminjar og þinghald í fornöld.

Við gerðum nákvæman uppdrátt af þeim minjum sem þar eru sjáanlegar. Þar eru leifar bæjar og tvöfaldur túngarður í kring. En þar eru einnig fornar tóftaleifar sem eru ólíkar venjulegum landbúnaðarminjum, en minna óneitanlega á búðatóftir sem finna má á öðrum vorþingstöðum. Tóftir þessar eru aflangar, og skiptast í nokkur hólf, og liggja í reglulegum röðum. Talsvert rof er við árbakkann austan þingstaðarins, en að öðru leyti eru minjarnar ekki í mikilli hættu.

Aðferðir

Markmið rannsókna á þinghaldi kalla á mjög nákvæma uppmælingu og hefur þetta verkefni því jafnframt orðið vettvangur til að þróa nýjar aðferðir við íslenska minjakortagerð. Við mælingar á minjunum var notuð sérstök gerð GPS staðsetningartækja (differential GPS) sem samanstanda af tveimur móttökulofnetum (Trimble 4600LS), grunnstöð og flakkara, og gagnastokki (Trimble TDC1). Nákvæmni mælinga eftir vinnslu er afar mikil (1sm). Jafnframt því að hægt er að mæla einstaka punkta á mjög skömmum tíma (5 sek) er hægt að láta tækin skrá í þrívídd feril flakkarans með 5 sekúndna millibili sem gefur kost á því að ganga með flakkarann um rústir og rústasvæði og skrá þannig niður mikinn fjölda punkta á skömmum tíma. Einfaldasta og skjótasta aðferðin við mælingu er að “ganga” rústirnar og rústasvæðið og láta tækin skrá punkta viðstöðulaust. Að vettvangsvinnu lokinni eru gögnin úr móttökutækjunum færð yfir í tölvu til vinnslu. Útreikningar á punktum fer fram í forritinu GPSurvey frá Trimble. Punktaskrár eru síðan færðar í forritið Surfer þar sem hæðarlínuteikningar og yfirborðslíkön eru unnin. Þessi búnaður var notaður til að skrá mæligögn og gera uppdrætti og hæðarlíkön af þingminjum, sem gerir mögulegt að greina helstu einkenni þingstaða, s.s. stærð og lögun og dreifingu búða, og bera saman skipulag og gerð þingminja frá mismunandi stöðum á landinu.

Samanburður við fyrri athuganir

Niðurstaða vettvangsathugana árið 2004 staðfestir í stórum dráttum lýsingar Bruuns og Brynjúlfs. Óhætt er að segja að lýsingar þeirra eru svotil samhljóða, a.m.k. hvað aðalatriðin varðar: þar er hóll, garðlögin tvö, bæjarleifar, og nokkrar búðatóftir. Í sumar tóftanna hefur síðan verið byggt. Nokkur frávik eru, enda ekki auðvelt að sjá hvað er tóft og hvað ekki í þýfðu landi (sbr Töflu 1): Á uppdrátt Brynjúlfs vantar tóft

sem hann lýsir sjálfur og er rétt austan við búðatóftina (nr 12) sem er milli garðlaga. Þessa tóft nefnir Bruun ekki meðal þeirra þrettán sem hann sá. Samkvæmt okkar athugun virðist þar vera tóft og fær hún hérmeð númerið 14. Jafnframt taldi Brynjúlfur sig sjá langa tóft sunnan við innra garðlagið, sem Bruun sá ekki heldur. Okkur sýnist þar vera tóftarbrot, og fær það númerið 15. Loks nefnir Brynjúlfur tvo hringa, annan norðvestan á Þinghól, og hinn í kringum hól við suðvesturhorn ytri girðingar. Bruun nefnir þá ekki, og ekki tókst okkur að koma auga á þá. Það er rétt að við Þinghól er þúfnakragi sem gengur í dálítinn sveig og minnir á hringlaga mannvirki, og sést móta fyrir honum á loftmyndinni (mynd 1), en hann gæti eins verið náttúrumyndun. Sömu sögu er að segja um hringinn kringum hólinn við suðvesturhorn ytri garðsins. Sést hann einnig á loftmyndinni, og er raunar ekki hringlaga, heldur fremur sporbaugslaga, og nær í kringum blásinn hólkoll. Gæti þetta einnig verið þúfnakragi, eða bakki sem myndast hefur við uppblásturinn. Hægt væri að skera úr um þetta mál með uppgrefti, en hér er rétt að nefna að Brynjúlfur leitaði ákaft af hringlaga mannvirkjum á þingstöðum fornaldar. Taldi hann að auk búðartófta ætti að finnast dómhringur þingsins. Í ljósi nýlegra rannsókna á þeim fjölmörgu hringlaga tóftum sem nefndar hafa verið “dómhringar”, virðist þó ástæða til að efast um gildi slíkra alþýðuskýringa, og eru engin dæmi þekkt um þessa tegund mannvirkja, á fornum þingstöðum eða utan þeirra.¹⁷

Nr.	Stærð	Lengdarstefna	Lýsing
1	13x7m	NV-SA	Aflöng tóft, skiptist í 3 hólf.
2	20x12m	ANA-VSV	Ferhyrnt gerði.
3	18x8m	NNV-SSA	Aflöng tóft, skiptist í 4 hólf.
4	12x6m	NNV-SSA	Aflöng tóft, skiptist í 2 hólf.
4b	16x10m	NNV-SSA	Tóftarbrot undir tóft nr 4.
5	38x20m	A-V	Bæjarstæði, skiptist í nokkur smá hólf.
6	8x7m	NV-SA	Ferhyrnd tóft.
7	?	?	Á uppdr DB, en ekki BJ, og sást ekki 2004
8	8x6m	N-S	Lítill, ferhyrnd tóft
9	10x6m	NNA-SSV	Aflöng tóft, opin í suðurenda
10	22x8m	NNA-SSV	Aflöng tóft, skiptist í 3 hólf
10b	30x12m	NNA-SSV	Aflöng tóft, undir nr 10.
11	38x8m	NNA-SSV	Aflöng tóft, skiptist í 3 hólf og lítið aukahólf
12	40x8m	NNA-SSV	Aflöng tóft, skiptist í 3 hólf
13	10x8m	NNA-SSV	Aflöng tóft, óskipt.
14	8x8m		Ógreinilegt
15	12?x8m	NNA-SSV	Aflöng tóft, opin í norður
16	40x8m	NNA-SSV	Ógreinileg ummerki um tóft undir innra garðlagi

¹⁷ Adolf Friðriksson and Orri Vésteinsson, *Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar*. Saga, 1992. XXX, 7-79.

Tafla 1. Mældar tóftir í Þingey 2004.

Taka má undir orð þeirra Bruuns og Brynjúlfs um að minjarnar eru greinilega ekki allar frá sama tíma, en ekki verður giskað á hvort þær skiptist í sögualdarminjar og minjar frá 19. öld, eða hvort byggingasagan sé í raun flóknari. Þingeyjarminjar minna um margt á ástandið á Þingskálum og Hegranesi: þar er fjöldi tófta, sem talinn er vera leifar um þinghaldið, en inn á milli eru bæjartóftir og garðlög í kring. Í Þingey virðast flestar minjar næst árbakkanum vera frá síðari tímum. Sú syðsta er greinilega bæjartóft, á dálitlum hól (nr 5), og skiptist hún í nokkur hólf. Sennilega er það bæjarstæðið frá 19. öld. Nærri árbakkanum er aflöng tóft (nr 3), sem skiptist í 3 hólf, og taldi Bruun hana vera leifar yngri húsa, en Brynjúlfur áleit hana vera þingbúðaröð. Bruun og Brynjúlfur reyndu báðir að hækka tölu meintra búða og töldu sig geta séð að sumar yngri tóftanna stæðu í eldri tóftum. Stóra tóftin sem er nyrst, en innan innra garðlags gæti verið gömul tóft sem hefur verið grafin út og notuð á ný, og má vera að bærinn hafi verið reistur á eldri tóft. Ef við fylgjum aðferð fornfræðinganna mætti jafnvel bæta við enn öðrum stað: langa tóftin sunnan innra garðlags, og sem var hér að ofan gefið númerið 15. Mjög erfitt er að átta sig á þeirri tóft á vettvangi, en úr lofti birtist mönnum ný sýn: svo virðist sem gervallur vesturveggur innra garðlagsins liggi á eða við eldri tóftir. Sunnan við tóft 11 vottar fyrir tóftum af svipaðri stærð og lögun og er þeim hérmeð gefið númerið 16. Mælingar og lýsing Brynjúlfs á þessum hluta minjasvæðisins koma ekki heim og saman við nýju mælingarnar, en svo virðist sem hann hafi gert sér grein fyrir því að garðhleðslan fylgdi eldri tóftaveggjum alla leið. Það sem styður þessa túlkun er að meintar tóftir (nr 16) liggja í sömu stefnu og virðast í sömu hlutföllum og aðrar stórar tóftir á svæðinu, þ.e. nr. 10, 11 og 12.

Þótt fullyrða megi að minjarnar séu ekki allar frá sama tíma, er vandasamara að segja til um eðli þeirra. Vitað er að búið var í eygni á 19. öld, og efalítið heyra nýlegu rústirnar til þessa lokaskeiðs búskapar þar. Líklegt er að minjar nr 1, 2, 4, 5, 6, 9 og 10 tilheyri búskaparsögu frá síðari tímum, en 3, 4b, 8, 10b, 11-16 séu eldri. En hvað um þessar eldri minjar? Eru einhver sýnileg spor um þinghald? Eru eldri minjarnar hluti af þingstað eða einfaldlega leifar eldra býlis eða ummerki um þau not sem menn gátu haft af eygni í aldanna rás? Ekki verða gefin ákveðin svör við þessum spurningum á grundvelli yfirborðsathugana eingöngu, enda þyrfti að minnsta kosti að grafa í

minjarnar prufuskurði og ganga úr skugga um hvort húsin hafi verið hóbýli, skepnuhús eða búðir, og athuga afstöðu mannvistarleifa til gjóskulaga í jarðveginum, í von um að fá skýrar vísbendingar um aldur minjanna. En þar sem uppgröftur hefur ekki farið fram, verður að sinni látið reyna á túlkun þess sem sjá má á yfirborði og niðurstöðu mælinga.

Fornleifar í Þingey

Segja má að sýnilegar tóftir í Þingey skiptist í tvo flokka. Annarsvegar eru misstórar tóftir, misjafnar að lögun og gerð, sem liggja óreglulega hér og þar, og hinsvegar eru aflangar tóftir sem liggja í beinum röðum, með lengdarstefnu N-S, og skiptast niður í regluleg, vel afmökruð hólfi. Tóftir í síðarnefnda flokknum hafa fyrri athugendur talið vera leifar þingbúða, og er freistandi að taka undir þá skoðun. Á síðustu árum höfum við mælt upp og skoðað meintar þingbúðir á öðrum þingstöðum á landinu, og verður því ekki neitað að aflöngu tóftirnar í Þingey svipar mjög til tófta sem þar finnast. Er það annarsvegar lögun tóftanna, og hinsvegar afstaða þeirra hver til annarar sem gefur þeim ámóta yfirbragð. Minna stóru tóftirnar í Þingey mjög á stærstu tóftirnar í Hegranesi: aflangar, allar með sömu lengdarstefnu, um 40 m langar og skiptast í 3-4 hólfi. Tóftir sem þessar virðast einnig fátíðar utan þingstaða. Sérkennileg tilviljun væri það, ef aflöngu tóftunum í Þingey svipaði til mannvirkja á öðrum þingstöðum, en hefðu ekkert með þinghald að gera. Það atriði sem helst veikir skoðun fyrri athugenda er óvissan um fjölda búða í Þingey. Ef þær tóftir eru taldar til búða sem svipar til meintra búðatófta annarsstaðar, þá eru þær ekki nema um c. 6-8 (búðahólf), líkt og Kálund taldi. Þar eru einkum 2 stórar og aflangar tóftir, sem skiptast í nokkur hólfi, en vænta hefði mátt fleiri búða á stórum héraðsþingstað. Með góðum vilja mætti tosa búðafjöldann upp í 17-18. Sem dæmi má nefna eru yfir 30 tóftir á Hegranesþingi í Skagafirði. Eins og fram hefur komið er mögulegt að byggt hafi verið ofan í aðrar búðatóftir í eyinni, og að sumar þeirra séu eyddar eða séu ógreinilegar. Ef við skoðum lögun hinna meintu búðatófta þá minna þær á samsvarandi mannvirki á öðrum þingstöðum, en þær eru heldur ekki ósvipaðar stórum skálatóftum, þ.e. bæjarhúsum frá landnámsöld. Nyrsta tóftin í Þingey er ekki ósvipuð stóra skálanum sem rannsakaður hefur verið á Hofstöðum í Mývatnssveit. Þar er álíka stór, aflöng tóft, með minni tóft við annan endann og jarðhús við húsgaflinn. Svipaðar húsatóftir eru t.a.m. hjá Hofteigi í Jökuldal og hjá Hofi í Vopnafirði (Mynd 7). Eins eru dæmi um staði þar sem sýnilegar eru margar tóftir, svo margar að manni kemur í hug sú almenna mynd sem við höfum af Þingvöllum og vorþingstöðunum, með kraðaki af tóftum, en þetta eru staðir sem hafa ekki verið orðaðir við þinghald í fornöld. Dæmi um þetta eru tóftirnar í túninu á Hofi á Flateyjardal. Þar sjást leifar síðasta bæjarstæðisins og á víð og dreif eru margar kynslóðir bygginga sem væntanlega tilheyra sögu búrekstrar á bænum.

Loks er vert að nefna þriðja atriðið sem gæti gert minjarnar um þingið í Þingey dálítið tortryggilegar, en það er dularfulli minjastaðurinn í Skuldaþingsey, örskammt frá Þingvelli í Þingey. Þar eru margar tóftir, um 25-30, sem minna umfram allt á þingstað. Niðurstaða þessara hugleiðinga er sú að ekki eru öll kurl komin til grafar hvað Þingeyjarminjar varðar. Ekki verður hægt að leysa þann túlkunarvanda sem minjarnar í Þingey eru flæktar í án þess að gera þar frekari rannsóknir með uppgrefti.



Mynd 9. Uppmæling í Þingey 2004